

Nr. 60.
22.
nóvbr.

Lög

um

lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kafli.

U m l a u s a m e n n.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið, án þess, að greiða gjald þetta.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, erfræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðanda, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækra sjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, er og þá húsráðandi sá, er lausamaður Nr. 60. Lög 22. nóvember um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Løsemænd, Husmænd og Tomthusmænd.

Nr. 60.
22.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Afsnit I.

O m L ø s e m æ n d.

§ 1.

De, der af faste Ejendomme eller andre Midler have en aarlig Indtægt af 200 Kr. eller derover, ere fritagne fra at tage fast Tjeneste.

§ 2.

Enhver, der har fyldt 20 Aar, eller, selv om han er yngre, har fuld Raadighed over sit Gods, kan ved hos Politimesteren at løse Bevilling frigøre sig for Forpligtelsen til at tage fast Tjeneste.

For saadan Bevilling erlægges en Kendelse af 15 Kr. for en Mandsperson og 5 Kr. for en Kvinde, hvilke Beløb tilfalde Understøttelseskassen for Almuesfolk i den Kommune, hvori den paagældende sidst havde fast Tjeneste.

Den, som har fyldt 30 Aar, erholder Bevillingen uden Betaling.

Den, som vil løse Bevilling, skal gøre dette senest den 1. Maj i det Aar, hvori han vil fratræde fast Tjeneste.

§ 3.

Foruden den i § 2 ommeldte Betaling skal der erlægges 2 Kr. til Landskassen for Udstedelsen af hver Bevilling.

§ 4.

Enhver, der saaledes fratræder fast Tjeneste, er pligtig til at have fast Aars hjem og skal hvert Foraar, ikke senere end 20. Juni, anmelde for vedkommende Repstyrer eller Byfoged, hos hvilken Husfader han har sit Hjem, hvilket skal bevises ved en af denne udstedt skriftlig Erklæring, saafremt Repstyreren eller Byfogden maatte forlange saadant, alt under en Bøde paa 4—20 Kr., der tilfalder vedkommende Fattigkasse.

§ 5.

Lovbefalede Ydelser har Løsemanden at erlægge der, hvor han har sit Aars hjem. Dersom han ikke erlægger de nævnte Ydelser til rette Forfaldstid, skal den

Nr. 60. á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er
 22. lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.
 nóvbr.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefur hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, en veita má honum leyfisbrjef að nýju eptir eitt ár.

7. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eptir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn og þurrabúðarmenn.

10. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmennsku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minnsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minnsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um till kynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem byggðarleyfi.

11. gr.

Nú setzt maður að í húsmennsku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Nr. 60. Lög 22. nóvember um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Husfader, hos hvem Løsemanden har sit Hjem, være pligtig til at udrede disse for ham, medmindre han kan paavise Løsemanden tilhørende Ejendele, hvori Betaling kan søges ved Udpantning. Nr. 60.
22.
Novbr.

§ 6.

Dersom nogen, der ved at løse Bevilling har frigjort sig for Pligten til at tage fast Tjeneste, i 2 Aar efter hinanden undlader at erlægge de lovbestemte Afgifter eller at udføre de ham paahvilende Pligtarbejder, eller dersom det i 2 Aar efter hinanden bliver nødvendigt ved Udpantning at inddrive bemeldte Afgifter, har han forbrudt sin Ret efter Bevillingen og kan ikke førend efter 1 Aars Forløb erholde en ny Bevilling.

§ 7.

Politiet skal føre nøje Tilsyn med, at ingen, der er pligtig at tage fast Tjeneste, unddrager sig fra den ham i saa Henseende paahvilende Forpligtelse, og skulle Politimestrene paa hvert Mandtalsting søge Oplysning, om Overtrædelse heraf maatte have fundet Sted.

Politiet bør paase, at de, der have løst Bevilling, have fast Hjem og ikke strejfe omkring. Gør vedkommende sig skyldig i Omflakken, bør han bøde fra 4—40 Kr., og skal der af Politiet anvises ham et fast Opholdssted, for saa vidt han ikke har et saadant.

§ 8.

Den, som er pligtig til at tage fast Tjeneste men undlader dette uden at have løst den i § 2 ommeldte Bevilling straffes med en Bøde fra 10—50 Kr., hvorhos han skal betale saa meget som Kendelsen for Bevillingen efter § 2 udgør. De højere Grader af foranførte Bøder komme navnlig til Anvendelse i Gentagelsestilfælde, eller naar den paagældende benytter urigtige Foregivender om, at han har taget fast Tjeneste, eller han har gjort sig skyldig i Omflakken.

§ 9.

Enhver, der er nogen behjælpelig med at unddrage ham fra den ham paahvilende Forpligtelse til at tage fast Tjeneste, skal efter Omstændighederne bøde fra det halve indtil to Tredjedele af de Beløb, der ere fastsatte i foranstaaende Paragraf.

Afsnit II.

Om Husmænd og Tomthusmænd.

§ 10.

Naar nogen vil nedsætte sig som Husmand eller Tomthusmand, skal han anmelde dette for Politimesteren i Købstæderne og udenfor disse for Repstyreren i det mindste 4 Uger forinden han agter at nedsætte sig paa saadan Maade henholdsvis i Købstaden eller Reppen, og samtidig bevise for Politimesteren eller Repstyreren, at han der har et Tilholdssted sikret for i det mindste 1 Aar.

Politimesteren eller Repstyreren meddeler den, som agter at nedsætte sig som Husmand eller Tomthusmand, et Bevis for Anmeldelsen, hvilket Bevis skal betragtes som Opholdstilladelse.

§ 11.

Naar nogen nedsætter sig som Husmand eller Tomthusmand uden forud at have fyldestgjort de i § 10 ommeldte Betingelser, skal han bøde fra 10 til 50 Kr.

Nr. 60. Lov af 22. November om Løsemænd, Husmænd og Tomthusmænd.

Nr. 60. Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi
 22. hefur byggðarleyfi samkvæmt 10. gr.
 nóvbr.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

13. gr.

Enginn má selja á leigu þurrabúðir utan kaupstaðar eða verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

- a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
- b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna;
- c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

Nú byggir þurrabúðarmaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir í þessari grein.

14. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eptirgjaldi af lóðinni þessi ár.

15. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt byggð að minnsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær sjeu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

16. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging.

17. gr.

Sýslunefndir geta eptir tillögum hreppsnefnda gjört undantekning frá fyrir-mælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum byggðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.

18. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Nr. 60. Lög 22. nóvember um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Samme Bøde ifalder den Husbond, som antager en Husmand eller Tomt-^{Nr. 60.}husmand, der ikke er i Besiddelse af Opholdstilladelse i Henhold til § 10.^{22.}
Novbr.

§ 12.

Bestemmelserne i §§ 10 og 11 skulde ogsaa komme til Anvendelse med Hensyn til de Jordbrugere, der ikke have et større Jordstykke til Afbenyttelse end 1 Hundrede.

§ 13.

Ingen maa udleje Tomthuse udenfor Købstæder og Handelssteder, hvad enten Tomthusene bestaa af særskilte Bygninger, eller Jorddrotten udlejer dertil en Del af sine egne Bygninger, undtagen paa følgende Vilkaar:

- a. at der med Tomthuset følger en bestemt afgrænset Jordlod, der i det mindste indtager et Fladerum af 900 □ Favne. Hvor en Forstrand hører til Tomthuset, skal denne ikke medregnes.
- b. at Tomthuset efter troværdige Mænds Skøn afgiver en tilstrækkelig rummelig, samt taalelig luftig og lun Lejlighed for Lejeren.
- c. at Tomthuset afleveres til Lejeren ved en lovlig Udtægtsforretning.

Naar en Tomthusmand med Jorddrottens Tilladelse selv opfører Tomthuset, gælde de samme Regler vedrørende Jordlodden, hvorhos Bygningen skal opfylde de i nærværende Paragraf fastsatte Betingelser.

§ 14.

En Tomthusmand, der tilflytter et Tomthus med udyrket Jordlod, skal have opdyrket og indhegnet denne inden Forløbet af 7 Aar, i hvilken Tid han bør være fritaget for at svare Afgift af Jordlodden.

§ 15.

Et Tomthus med udyrket Lod skal altid udlejes for en Tid af i det mindste 8 Aar. Jorddrotten skal give Tomthusmanden et Bygselsbrev, hvor Bygselstiden samt Tomthusmandens Rettigheder og Pligter ere tydelig fremhævede. Lejevederlaget maa ikke bestemmes i Arbejdsydelser, med mindre disse ere bestemte til Forbedringer af Tomthuslodden eller dens Bygninger. Naar en Jorddrot har undladt at give Bygselsbrev, skal vedkommende Tomthus anses for at være udlejet til Tomthusmanden og hans Enke paa Livstid paa de af Tomthusmanden anerkendte Vilkaar, med mindre Jorddrotten beviser, at der har været truffen en anden Overenskomst.

§ 16.

Naar der bliver Lejerskifte i de allerede bestaaende Tomthuse, skulle nærværende Lovs Forskrifter med Hensyn til Bygninger, Opdyrkelse, Udtægt og Bygsel, bringes til Anvendelse.

§ 17.

I enkelte Egne, hvor de stedlige Forhold tale derfor, kunne Sysselforstanderskabene i Henhold til Repsforstanderskabernes Forslag derom gøre Undtagelse fra Bestemmelserne i § 13 angaaende Tomthusloddernes Størrelse. Dog kan Sysselforstanderskabet aldrig fastsætte Tomthusloddens Størrelse under 300 □ Favne og ikke over 1,800 □ Favne.

§ 18.

For saa vidt ikke anderledes i de enkelte Paragrafer bestemmes, straffes Overtrædelser af denne Lov med Bøder fra 2 til 100 Kr.

Nr. 60. Lov af 22. November om Løsemænd, Husmænd og Tomthusmænd.

Nr. 60. Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurra-
 22. búðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—
 nóvbr. 15. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eptir fyrirmynd,
 er stjórnarráðið semur.

Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Inden Udgangen af hvert Aar have Repstyrene til Sysselmændene at ind-
 sende Beretninger om Tomthusmænd i deres Kommuner samt Oplysninger om, hvorvidt
 de i nærværende Lovs §§ 13—15 indeholdte Betingelser er sket Fyldest. Disse Beret-
 ninger udfærdiges i Overensstemmelse med et af Ministeriet udarbejdet Forbillede.

Halvdelen af Bøderne efter denne Lov tilfalder vedkommende Fattigkasse, den
 anden Halvdel Understøttelseskassen for Almuesfolk i paagældende Kommune.

§ 19.

Sager angaaende Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politi-
 sager.

§ 20.

Ved nærværende Lov ophæves Forordning om Løsemænd og Husmænd i Island
 af 26. Maj 1863, Lov om Tomthusmænd af 12. Januar 1888 og Lov 2. Februar 1894
 om Forandring i §§ 2, 4 og 15 i Forordning om Løsemænd og Husmænd i Island af 26.
 Maj 1863 samt om Tillæg til samme.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.